

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Lækjartún II (lnr. 215415) og Lækjartún 2 (lnr. 219377).

Deiliskipulagsbreytingin nær til bæjartorfu Lækjartúns 2 (lnr. 219377) og Lækjartúns II (lnr. 215415). Breytingin felur annars vegar í sér nýjan byggingarreit í Lækjartúni 2 (lnr. 219377) þar sem heimilt er að byggja allt að 100 m² bílskúr og hins vegar stækkun byggingarreits í Lækjartúni II (lnr. 215415) þar sem heimilt er að stækka skemmu í allt að 800 m², fjárhús í allt að 1.000 m² og hlöðu í allt að 1.100 m² ásamt því að heimilt er að byggja nýja skemmu, allt að 1.000 m².

Samþykkt af hreppsnefnd þann 12. október 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. nóvember 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2016